



Alþingi  
Erindi nr. P 135/2777  
komudagur 15.5.2008

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 15. maí 2008

0805507SA /GB

Tilv.: 176

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Bjargráðasjóð, 587. mál

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi samgöngunefndar Alþingis, dags. 8. maí sl. Markmið þess er að fella úr gildi lög um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, og skipta eignum sjóðsins milli eigenda hans. Lýsir sambandið yfir eindregnum stuðningi við samþykkt frumvarpsins.

Hugsunin með frumvarpinu er að færa fjármögnun og rekstur Bjargráðasjóðs frá sveitarfélögunum. Framlög sveitarfélaga eru bundin vísitölu neysluverðs og voru þau á árinu 2007 samtals 40,5 m.kr. eða sem nemur 131,91 á íbúa. Eins og ítarlega er lýst í skýringum við frumvarpið lítur sambandið svo á að lögbundin framlög þeirra til einnar atvinnugreinar séu tímaskekkja. Verði frumvarpið að lögum verður afnumin lagaskylda sveitarfélaga til að styrkja landbúnað umfram aðrar atvinnugreinar en gildandi fyrirkomulag hefur vakið spurningar um jafnræði og samkeppnisstöðu atvinnugreina.

Vegna mikillar umræðu um frumvarpið að undanfögnu vill sambandið taka fram að góð sátt var um efni frumvarpsins í stjórn Bjargráðasjóðs, þar sem m.a. eiga sæti tveir fulltrúar Bændasamtaka Íslands. Þeir fulltrúar upplýstu forystu bændasamtakanna á öllum stigum málsins um gang viðræðna og leit sambandið svo á að full sátt væri við bændasamtökin um málið. Verði frumvarpið að lögum er ekkert sem mælir gegn því að Bjargráðasjóður starfi áfram í breyttri mynd. Má benda á að eiginfjárstaða sjóðsins er afar traust.

Jafnframt vill sambandið taka fram að það hefði alls ekki verið við hæfi ef núverandi stjórn Bjargráðasjóðs, með þátttöku fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, hefði átt frumkvæði að tillögugerð um framtíðarfyrirkomulag í tryggingamálum bænda. Umræða um þá tilhögun hlýtur að fara fram á vettvangi Bændasamtaka Íslands, eftir atvikum með þátttöku sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, eins og fram kemur í bókun stjórnar sjóðsins frá 12. október 2007 sem vísað er til í skýringum við frumvarpið.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræðisviðs